

Fundargerð stjórnar Fíh

9. fundur stjórnar Félagsíslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2022 – 2023 miðvikudaginn 26. janúar 2022, kl: 09:00-13:10

Mættir: Ásdís M. Finnbogadóttir, Gísli Níls Einarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Hildur Björg Sigurðardóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

Forföll: Halla Eiríksdóttir.

Gestir: Hafdís Böðvarsdóttir, fjármálastjóri Fíh.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin samþykkt.

Til umræðu

2. Rekstraryfirlit sjóða ársins 2021, fjárhagsáætlun 2022

Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstraryfirlit sjóða fyrir árið 2021 og drög að rekstraráætlun ársins 2022. Hærri iðgjöld koma til félagsins þar sem fleiri hjúkrunarfræðingar eru við vinnu m.a. í tengslum við yfirvinnu vegna Covid heimsfaraldursins. Á aðalfundi 2021 voru einnig samþykktar breytingar á iðgjöldum og eru þau nú byggð á heildarlaunum ekki dagvinnulaunum. Veruleg aukning hefur verið á umsóknum í Styrktarsjóð í heilsustyrk og er aukning um 77%. Umsóknir vegna sjúkradagpeninga hafa einnig aukist um 23%.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn fagnar því að félagsmenn séu í auknum mæli að sækja um heilsustyrk. Stjórn lýsir yfir áhyggjum í aukningu umsókna í sjúkradagpeninga og hefur áhyggjur af því hversu hratt þeim fjölgar. Fylgst verður náið með fjöldanum milli mánaða.

3. Aðgerðaáætlun við stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030

Farið var yfir vinnu starfshóps stjórnar vegna aðgerðaráætlunar við stefnu Fíh. Vinnan er vel á veg komin en skjalið er lagt fram fyrir stjórn til yfirlstrar. Í framhaldi verður aðgerðaáætlunin send til frekari úrvinnslu.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að rýna aðgerðaráætlunina og koma athugasemdum til vinnuhóps.

4. Fjölgun karlkyns hjúkrunarfræðinga

Fíh sendi út viðhorfskönnun um karlmenn í hjúkrun. Niðurstöðurnar verða kynntar formlega á rafrænu málþingi Fíh þann 4. febrúar næstkomandi. Í kjölfarið verður kynnt aðgerðaráætlun sem mun innihalda tillögur um fjölgun karla í hjúkrun.

Stjórn hefur fengið sent erindi um stofnun nefndar innan vébanda Fíh fyrir karlkyns hjúkrunarfræðinga. Tilgangurinn er að reyna að fjölga körlum innan hjúkrunar, efla tengslanet karla í hjúkrun og auka sýnileika þeirra. Búið er að samþykkja styrk fyrir 200.000 kr. til að hefja störf.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn fagnar erindinu sem verður svarað viðkomandi hvattir til að leggja inn beiðni fyrir stofnun deildar fyrir karlkyns hjúkrunarfræðinga, fyrir næsta aðalfund.

5. Starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga í covid-faraldrinum – staðan í dag

Starfsfólk Fíh hefur verið að funda með trúnaðarmönnum hjúkrunarfræðinga. Hljóðið er mjög þungt í trúnaðarmönnum Fíh vegna álags á hjúkrunarfræðinga tengt heimsfaraldi Covid og vöntun á hjúkrunarfræðingum til starfa. Landspítali hefur reynt að koma til móts við hjúkrunarfræðinga tímabundið með aukagreiðslum en slíkt er þó skammtíma úrræði.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn ítrekar áhyggjur sínar af álagi á hjúkrunarfræðinga, sérstaklega á covid tímum og óttast að framundan sé flótti úr stéttinni.

Til upplýsinga

6. Fundur með heilbrigðisráðherra 19. janúar

Kjarasamningar hjúkrunarfræðinga renna út 30. mars 2023. Formaður Fíh fékk fund með heilbrigðisráðherra þann 19. janúar síðastliðinn þar sem farið var yfir stöðu kjarasamninga, upplýsingar um vinnumarkaðinn, stöðu hjúkrunarfræðinga í heimsfaraldrinum og þá grátlegu staðreynd að síðustu 2 kjarabaráttur enduðu með gerðardómi. Mikilvægt er á þessum tímapunkti að taka upp fyrirliggjandi skýrslur og fara í framkvæmdir og tryggja að næsti kjarasamningur taki við 1. Apríl 2023. Horfa þarf sérstaklega í kynbundinn launamun og raunverulegt verðmat á stéttinni. Fjölga þarf nemaþlássum í hjúkrunarfræði, leggja þarf áherslu á mönnunarviðmiðin, auk þess sem mjög mikilvægt er að fara í breytingar á lagarammanum svo heilbrigðisstarfsfólk verði ekki gert ábyrgt á mistökum sem verða vegna kerfisbundinna þátta.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn þakkar formanni fyrir góðar upplýsingar og fagnar fundinum með heilbrigðisráðherra og vonast til góðs samstarfs í tengslum við komandi kjarasamninga sem og í öðrum málefnum er snerta stéttina og störf hennar.

5. Ráðning nýs sviðsstjóra kjara- og réttindasviðs Fíh

Fíh hefur ráðið Kristjönu E. Guðlaugsdóttur í stöðu sviðsstjóra kjara- og réttindasviðs. Hún mun hefja störf í mars.

Afgreiðsla: Stjórn fagnar ráðningu sviðsstjórar og býður Kristjönu hjartanlega velkomna í starfsmannahóp Fíh.

6. Fjölmiðlaskýrsla Fíh 2021

Formaður kynnti fyrir stjórn fjölmiðlaskýrslu sem Fíh kaupir árlega. Ýmsar hagnýtar upplýsingar koma þar fram eins og sýnileiki félaga og fyrirtækja í fjölmiðlum.

Afgreiðsla: Umræður.

7. Bólusetningar barna vegna covid

Stjórn Fíh barst bréf frá samtökunum Frelsi og ábyrgð vegna bólusetninga barna gegn Kórónu veirunni. Formaður tók á móti bréfinu og kynnti fyrir stjórn.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn aðhefst ekkert frekar í málinu.

8. Orlofssjóður Fíh – undirbúningur orlofstímabilsins 2022

Formaður fer yfir stöðu orlofsmála félagsins sem stjórn hefur áður tekið fyrir. Punktakerfið er í endurskoðun hjá orlofsnefnd. Ekki er hægt að setja inn nýja punkta í kerfið fyrir orlofsárið fyrr eftir uppgjör á skilagreinum en það liggur ekki fyrir, fyrr en um miðjan febrúar. Einnig var farið yfir búnað orlofshúsa. Orlofsnefnin er að vinna núna að framboði á orlofshúsnæði fyrir sumarið, endurskoðun punktastöðu ofl.

Afgreiðsla: Umræður. Formaður Orlofsnefndar mun koma á næsta stjórnarfund og fara yfir stöðuna.

Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið 13:10

Næsti fundur stjórnar Fíh er áætlaður þann 23. febrúar 2022

Guðný Birna Guðmundsdóttir ritari stjórnar Fíh.